


SAMÞYKKT
29 NÓV. 2012
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.

## Byggingarlýsing:

Hrauntröð 11
Frístundarhús í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógarbyggð
Staðgreinir: 8719-1-88910110
Landnúmmer: 219430

**Almenn lýsing:**
Sótt er er um byggignarleyfi fyrir tveimur húsum á lóðinni og skiptast þau í Mhl. 01 og Mhl. 02 samkvæmt meðfylgjandi skráningartöflu.
Mhl. 01 er einnar hæðar frístundarhús sem skiptist í tvær álumur: Annarsvegar lægri svefnálmu með einhalla þaki og hinsvegar hærri megin álmu með mænisþaki. Í svefnálmu eru þrjú svefnherbergi, anddyri, baðherbergi og geymsla. Í megin álumu er stofa, eldhús og svefnloft.
Mhl. 02 er gesta- og geymsluhús á einni hæð sem hýsir lítið anddyri, gestasnyrtingu, svefnherbergi og geymslu.
Húsin eru eins af gerð og uppbyggingu og gildir lýsingin að neðan fyrir báða matshluta.

**Burðarvirki:**
Útveggir eru úr timbri og steinsteypu. Annarsvegar timburgrindarveggir, einangraðir milli stoða og klæddir með gifsi að innan en að utan með krossvið og klæddir standandi timburklæðningu og hinsvegar steinsteyptir veggir einangraðir að innan með plasteinangrun.
Sökklar eru staðsteyptir.
Gólfplata er staðsteypt og járnbent plata með einfaldri járngrind.
Burðavirki þaka eru úr timbri.

**Einangrun:**
Útveggir úr timbri eru einangraðir með 5" steinullareinangrun.
Steinsteyptir útveggir eru einanagraðir með 4" plasteinangrun.
Undir gólfplötu kemur kemur þjöppuð frostfrí fylling, plastdúkur og 75 mm polystyrene einangrun.
Steinsteyptir sökklar sem jarðvegur kemur að eru einangraðir með 75 mm polystyrene einangrun..
Þak er einangrað með 9" steinullareinangrum.

Húsið er hannað skv. ákvæðum eldir Byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og er sótt um að hún gildi um einangrun hússins.

**Klæðning:**
Útveggir eru klæddir með standandi timburklæðningu úr lerki.
Þak er klætt að utan með báraðri álklæðningu.

**Gerð glugga:**
Gluggar eru ál/timbur gluggar.

**Innveggir og loft:**
Innveggir eru 70 mm blikkgrindarveggir, klæddir með krossvið og einu lagi af gipsi báðum megin og hljóðeinangraðir með steinullarplötum í vegggrind.
Loft eru klædd panil og gipsplötum.

**Gólfefni:**
Gólf í alrými, anddyri, baðherbergi, gestasnyrtingu og fyrir framan eldstæði í stofu eru flísarlögð.
Gólf í vesturhluta stofu, svefnherbergjum og á gangi eru parketlögð.
Gólf í geymslum eru flotuð með epoxýlögn.

**Lagnir:**
Inntök fyrir raf- og vatnslagnir eru í geymslu í Mhl. 01.
Raflagnir eru í veggjum. Neysluvatnslagnir eru plastlagnir, rör í rör kerfi lagt í plötu.

**Loftræsing:**
Öll rými eru loftræst með opnanlegum fögum í gluggum.

**Upphitun:**
Hitaveita er á svæðinu.
Húsið er kynnt með gólfhita.

**Verönd:**
Verönd er austan og vestan megin við húsið. Vestur veröndin er að hluta til undir þakskyggni.
Aðkomupallur er við inngang hússins að norðanverðu, þakskyggni er yfir útidyrahurð.

**Heitur pottur (setlaug):**
Við vestur gafl svefnálmu er gert ráð fyrir heitum potti. Hann skal búinn öllum þeim búnaði sem ákvæði byggingarreglugerðar kveða á um þ.a.m læstu öryggisloki og vatnshitamæli.

**Frágangur lóðar:**
Norðan megin við húsið er heimreið sem endar í hlaði með þremur bílastæðum.

**Frárennsli:**
Allt frárennsli frá húsunum utan frárennsli frá heitum potti er lagt í PVC rörum að rotþró með siturlögn. Allur frágangur rotþróar og siturlagnar skal vera í samræmi við leiðbeiningarit umhverfisstofnunnar. Staðsetning rotþróar verður ákveðin í samráði við byggingaryfirvöld á staðnum.

**Brunavarnir:**
Útveggir eru klæddir að utanverðu með timburklæðningu að lámarki í flokki 2 og að innan með gipsplötum í flokki 1 og panil flokki 2 sbr. gein. 9.8.3 Byggingarreglugerðar nr.112/2012 um notkunarflokk 3.
Í öllum vistarverum er a.m.k. eitt björgunarop (BO) sem opnast út undir bert loft. Björgunarop í svefnherbergjum eru hliðarhengd opnanleg fög í gluggum, stærð opanna skal vera í samræmi við grein 9.5.5 Byggingarreglugerðar nr.112/2012. Reykskynjarar (R) eru í öllum vistarverum og göngum. Handslökkvitæki (HSL) er staðsett miðlægt í anddyri.

## Hnitaskrá

ISN93 - Hnit:

| | A - hnit | N - hnit |
|---|---|---|
| P066 | 408945.495 | 392881.641 |
| P067 | 408870.874 | 392901.464 |
| P072 | 408893.027 | 392995.965 |
| P073 | 408968.464 | 392975.906 |

## Heildarstærðir:

| | Flatarmál | Rúmmlál |
|---|---|---|
| MHL 01 - Frístundahús : | 113,5 m² | 378,1 m³ |
| MHL 02 - Geymslu- og gestahús: | 22,7 m² | 70,3 m³ |
| Samtals: | 136,2 m² | 448,4 m³ |

| | |
|---|---|
| Flatarmál lóðar: | 7531,0 m² |
| Nýtingarhlutfall: | 0,018 |
| Fjöldi bílastæða á lóð: | 3 |

| Breyting: | Dagsetning: | Skýring: |
|---|---|---|
| - | --.--.---- | - |
| | | |

# Hrauntröð 11

Frístundarhús í landi Vaðness
Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógarbyggð

| | | | |
|---|---|---|---|
| ST.GR.: 8719-1-88910110 | | | Aðaluppdráttur |
| LN.: 219430 | | | |
| Breyting: - | Teikn nr.: 101 | | Efni.: Afstöðumynd |
| Mkv.: 1:500 | Útgáfud: 23.11.2012 | | Guðjón Kjartansson Arkitekt FAÍ MAA<br>kt:070375-5599 Óðinsgötu 4,101, Reykjavík<br>sími: 695 75 44 e-mail: gudjonk@hotmail.com |
| Frumstærð blaðs.: A2 | Teikn.: GK | Yfirf.: - | |

Aðalhönnuður: Guðjón Kjartansson Arkitekt FAÍ MAA kt: 070375-5599